



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa 2019 í Reykjavík*

Menntamálastofnun gefur út meðaleinkunnir samræmdra prófa niður á skóla, sveitarfélög og landshluta. Samræmd grunnskólaeinkunn er normaldreifð einkunn á kvarðanum 1 – 60 með meðaltalið 30 og staðalfrávik 10. Hún sýnir stöðu nemenda á könnunarprófi óháð þyngd þess eða öðrum sérkennum. Landsmeðaltalið er ávallt sett sem 30 en meðaltal skóla eða svæða sýna stöðu í samanburði við landsmeðaltalið. Þá er birt dreifing hæfnieinkunna í 9. bekk.

Eftirfarandi greining sýnir niðurstöður eftir kyni og í samanburði við niðurstöður fyrri ára og við þau fjögur sveitarfélög sem næst koma Reykjavík að stærð og endurspeгла íbúasamsetningu borgarinnar hvað mest; Kópavog, Hafnarfjörð, Akureyri og Reykjanesbæ.

Á haustmánuðum 2019 þreyttu um 2.900 nemendur í 4. og 7. bekk í Reykjavík samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði. Í mars þreyttu um 1.250 nemendur í 9. bekk í Reykjavík samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Mæting í prófin var á bilinu frá 87,8% - 92,6% og betri en árið á undan í öllum nema einu af prófunum sjö. Undanþágur voru á bilinu 3,5- 8,9% og fjarvera á bilinu 4-7%. Bæði undanþágur og fjarvera voru eðlileg í samanburði við nágrannasveitarfélögin. Stuðningur var á bilinu 28 – 33% sem jafnframt var í takti við samanburðarsveitarfélögin.

### **Niðurstöður í íslensku**

Meðaleinkunn nemenda í 4. bekk í Reykjavík (30,9) hreyfist ekki mikið frá fyrri árum, lækkar aðeins frá síðasta ári en er nánast sú sama og meðaltal fimm síðustu ára þar á undan (30,7). Reykjavíkurborg er ívið hærri en hin stóru sveitarfélögin. Dregið hefur úr kynjamun á milli ára þar sem strákar (30,1) hafa verið að sýna marktækar framfarir frá árinu 2016 en þeir eru eftir sem áður marktækt lægri en stelpurnar (31,6).

Meðaleinkunn nemenda í 7. bekk (30,5) hefur haldist nokkuð stöðug milli ára og er á svipuðum stað og meðaleinkunn nemenda í Hafnarfirði, Kópavogi og Akureyri. Þótt heldur hafi dregið úr kynjamun undanfarin ár þá er munurinn á milli stráka (29,01) og stelpna (31,99) orðinn meiri og marktækari í 7. bekk en í 4. bekk eða 2,98 stig.

Sömu sögu er að segja í 9. bekk. Meðaltalseinkunnin er 30,4 sem er í takti við eða örlítil lækkun frá meðaltali síðustu fimm ára þar á undan (30,9). Meðaleinkunn stelpnanna (32,8) er á svipuðu róli og meðaltal síðustu fimm ára en strákar (28) þetta árið stóðu sig marktækt verr en undanfarin ár<sup>1</sup>. Kynjamunurinn, sem dregið hafði úr árið áður, er því verulegur eða 4,85 stig. Reykjavík er búin að vera á svipuðu reki eða aðeins fyrir neðan Kópavog frá árinu 2008 en af þessum fimm stærstu sveitarfélögum hefur Kópavogur lengst af verið að skila hæstu meðaleinkunnum á unglíngastigi í íslensku.

### **Niðurstöður í stærðfræði**

Ekki er mikill munur á meðaleinkunnum fimm stærstu sveitarfélaganna í 4. bekk í stærðfræði og meðaleinkunn í stærðfræði í 4. bekk í Reykjavík (30,2) er í takt við meðaltal síðustu 5 ára (30,4). Stelpurnar (29,2) stóðu sig þó verr í ár en að meðaltali síðustu fimm ár (30,5) og strákar (32,2) stóðu sig mun (marktækt) betur en meðaltal síðustu fimm ára þar á undan (30,3). Þar með eru strákar í 4. bekk með marktækt hærri meðaleinkunn en stelpurnar.

Í 7. bekk í Reykjavík er svipaða sögu að segja, þótt meðaleinkunnir ársins 2019 (30,6) hafi lækkað frá því í fyrra (31,1) þá eru þær á pari við meðaltal síðustu fimm ára þar á undan (30,8). Svo virðist vera sem Reykjavík sé nokkuð stöðug rétt fyrir ofan meðaltal landsins (30) en greina má mun á árgöngum barna í hinum stærstu sveitarfélögum. Að hluta er þetta vegna þess að nemendur í Reykjavík eru jafnmargir hinum fjórum sveitarfélögum samanlagt. Kynjamunur er nánast enginn (0,12 stig) í stærðfræði í 7. bekk.

Meðaleinkunn í stærðfræði í 9. bekk í Reykjavík (10. bekk til og með 2017) hefur farið hægt og bítandi lækkandi frá og með 2015. Á meðan meðaleinkunn stelpnanna (31,1) hefur nokkurn veginn staðið í stað og er á svipuðu reki og meðaleinkunn síðastliðinna 5 ára (31,1) hafa strákar dregið lækkun meðaleinkunarinnar en meðaleinkunn þeirra 2019 var 29 stig eða um 2 stigum og marktækt lægri en meðaleinkunn stelpnanna. Lengst af hefur Kópavogur verið með hæstu einkunnirnar af sveitarfélögum fimm og Reykjavík komið þar á eftir.

### **Niðurstöður í ensku**

Meðaleinkunn nemenda í 9. bekk í Reykjavík í ensku í ár (30,9) er lítið eitt lægri en fyrri ár. Meðaleinkunn stelpnanna (31,6), er marktækt hærri en strákanna (30,1) en þær stóðu sig betur en undanfarin ár meðan strákar stóðu sig marktækt verr en undanfarin ár. Þessi kynjamunur er viðsnúningur frá niðurstöðum síðustu tveggja prófa. Kópavogur og Reykjavík hafa skipst á að vera hæst meðal fimm stærstu sveitarfélaganna undanfarin ár, en Kópavogur (31,2) er hæstur af þessum fimm sveitarfélögum í ár, ekki er þó um marktækan mun á meðaleinkunnum þessara tveggja sveitarfélaga að ræða árið 2019.

### **Um túlkun niðurstaðna**

Við túlkun niðurstaðna, sérstaklega þegar einstaka skólar eru skoðaðir, er mikilvægt er að hafa í huga að sterk fylgni er á milli lýðfræðilegra bakgrunnsbreyta hvers skólahverfis og árangurs á samræmdum prófum og skýra þættir eins og menntunarstig foreldra og hlutfall innflytjenda talsvert mikið af mun í einkunnum meðal skóla. Það er talsverður munur á milli skóla innan Reykjavíkur sem skýrist meira af baklandi nemenda en kennsluháttum. Engu að síður er

---

<sup>1</sup> Árið 2018 er ekki skráð meðaleinkunn í íslensku og ensku í 9. bekk vegna tæknilegra vandkvæða við fyrirlögn prófanna og árið 2017 tóku bæði 9. bekkur (2002 árgangurinn) og 10. bekkur (2001 árgangurinn) samræmd próf en hvorugur bekkjanna tók próf árið 2016.

mikilvægt að fylgjast með framförum árganga og nemenda t.d. hlutfalli nemenda sem gengur ekki vel og hversu hátt hlutfall afburðarnemenda er o.s.frv. Þessar upplýsingar er ekki að finna í skýrslugrunni Menntamálastofnunar að svo stöddu. Skólarnir búa hins vegar yfir vitneskju um einkunnir nemenda og ber að rýna gögnin sem slík. Vilji er til þess hjá Menntamálastofnun að vinna með skóla- og frístundasviði að því að fá frekari upplýsingar um framgang árganga og frekari dreifni einkunna.